



Borgarráð

***Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um bráðabirgðaverkferil vegna framgöngu kjörinna fulltrúa***

Á fundi borgarráðs þann 20. júní var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um bráðabirgðaverkferil vegna framgöngu kjörinna fulltrúa:

Fulltrúi Miðflokksins í borgarráði fagnar því að nú sé formlega búið að virkja hinn svokallaða bráðabirgðaverkferil/rannsóknarrétt ráðhússins vegna kvartana starfsfólks Reykjavíkurborgar vegna framgöngu kjörinna fulltrúa í þeirra garð. Það er staðfest tæpum sólarhring eftir að nýjar siðareglur kjörinna fulltrúa voru samþykktar á hitafund borgarstjórnar. Minnihlutinn hefur ítrekað óskað eftir því að bæði siðareglur og skráning fjárhagslegra hagsmuna nái bæði yfir kjörna fulltrúa og ædstu embættismenn borgarinnar og séu samþykktar samhliða. Því hefur ávallt verið hafnað af fyrrverandi forseta borgarstjórnar, Dóru Björt Guðjónsdóttur og borgarstjóra, Degi B. Eggertssyni. Nú hefur komið á daginn hvers vegna þessum réttmætu óskum minnihlutans var hafnað. Með bréfi dags. 12. júní, sem undirritaðri barst í gær með ábyrgðarpósti undirrituðu af eineltis- og áreitisteymi Ráðhúss/miðlægrar stjórnsýslu hefur einstakt fordæmi verið sett. Undirrituð lítur því svo á að nú hafi rétturinn til kvartanna verið virkjaður í báðar áttir og sé því orðinn gagnkvæmur á þann hátt að kjörnir fulltrúar hafi því líka feril til að kvarta undan framkomu og háttsemi embættismanna í sinn garð. Á þessum grunni eru eftirfarandi fyrirspurnir settar fram til svars að hálfu borgarinnar.

1. Hvers vegna var borgarráð ekki upplýst um að búið væri að virkja eineltis- og áreitnitemi Ráðhúss/miðlægar stjórnsýslu, vegna meints eineltis borgarfulltrúa?
2. Fram kemur í bréfi eineltis- og áreitisteymi Ráðhúss/miðlægar stjórnsýslu að borgarráð hafi fundað 7. maí, en þá var enginn fundur. Hvernig stendur á því?
3. Er verið að vísa í borgarráðsfund sem haldinn var 9. maí s.l.?
4. Hvers vegna er talað um að borgarráð hafi samþykkt bráðabirgðaverkferil vegna kvartana starfsfólks Reykjavíkurborgar vegna framgöngu kjörinna fulltrúa, þegar einungis borgarfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Vinstri grænna og Pírata greiddu tillögunni atkvæði en borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá?
5. Hvar var erindisbréf eineltisteymisins lagt fram til samþykktar og kynningar?
6. Þarf ekki að samþykkja erindisbréfið í borgarráði?
7. Hver samdi erindisbréfið?
8. Var málið svo hressilega undirbúið að daginn eftir samþykkt málsins var sent erindisbréf á

eineltis- og áreitnisteymið?

9. Hvernig er hægt að halda því fram að ég hafi lagt skrifstofustjóra borgarstjóra og borgarritara í einelti þegar ég hef einungis hitt hana á tveimur eða þremur fundum?

10. Hvaða sérhæfðu og óháðu aðilar eiga að kanna og taka afstöðu til þeirra ásakana er fram kom í erindum Helgu Bjargar Ragnarsdóttur?

11. Hvaða siðfræðingur á að kanna og taka afstöðu til erindis Helgu Bjargar Ragnarsdóttur?

12. Hvað er áætlað að Reykjavíkurborg greiði í þessa þjónustu?

13. Er gert ráð fyrir því að Reykjavíkurborg greiði málskostnað í dómsmáli fyrir kjörinn fulltrúa, eins og borgin gerir fyrir embættismenn, þurfi hann að grípa til þess ráðs að verja mannorð sitt fyrir dómsstólum?

14. Hver var aðkoma borgarritara og borgarlögmans í málinu?

15. Eiga þessir embættismenn ekki að gæta hagsmuna minna sem kjörins fulltrúa?

Jafnframt er óskað eftir að borgarráð fái sent erindisbréfi dags. 10. maí 2019, sem sent var til eineltis- áreitnisteymi Ráðhúss/miðlægrar stjórnsýslu.

### **Svar:**

Ný stefna Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum var samþykkt í borgarstjórn þann 7. mars 2019 en undirbúningur að skipan nýs eineltis- og áreitnitemis Ráðhúss/miðlægrar stjórnsýslu hófst í ársbyrjun samhliða endurskoðun á nýrri stefnu og vegna mannbreytinga og breytinga á innra skipulagi mannauðsdeildar. Fyrir hafði verið starfandi eineltisteymi miðlægrar stjórnsýslu, skipað með erindisbréfi þann 12. október 2017 en vegna breyttra áherslna á hlutverki og verksviði teymisins með hliðsjón af nýrri stefnu gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum og mannbreytinga var þörf á að endurskipa í teymið.

Samkvæmt núgildandi stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum eru starfsmannastjórar/mannauðsstjórar sviða Reykjavíkurborgar ábyrgðamenn eineltis- og áreitnitema og tilnefna fulltrúa í þau. Þáverandi starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar, var ábyrg fyrir gerð erindisbréfsins og skipaði í eineltis og áreitnitemi Ráðhúss/miðlægrar stjórnsýslu með erindisbréfi dags. 10. maí 2019. Í erindisbréfi er vísað til fundar borgarráðs þann 7. maí 2019 en fundurinn fór fram þann 9. maí 2019. Dagsetningin var misrituð í erindisbréfið og er beðist velvirðingar á því.

Samkvæmt fundargerð frá fundi borgarráðs þann 9. maí var lagt til að borgarráð samþykkti bráðarbirgðaverkferil og leiðir til úrlausna vegna kvartana starfsfólks Reykjavíkurborgar vegna framgöngu kjörinna fulltrúa í þeirra garð og var tillagan samþykkt með meirihluta atkvæða.

Starfshópar skipaðir skv. erindisbréfi hafa skilgreint hlutverk og taka til starfa við útgáfu erindisbréfs. Hafa ber í huga að erindisbréf eineltis- og áreitnitemis er formgerð á samþykkttri stefnumörkun í málaflokknum og er teyminu ætlað að vinna samkvæmt verklagi. Ekki er gert ráð fyrir því að borgarráð eða fagråd séu upplýst þegar teyminum berast erindi. Skv. 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa skal leggja erindisbréf starfshópa borgarstjóra fram í borgarráði til kynningar. Erindisbréf starfshópa gefin út af starfsmannastjóra/deildarstjóra mannauðsdeildar þurfti ekki að kynna eða samþykkja í borgarráði sbr. sömu grein. Önnur erindisbréf gefin út af starfsmannastjóra á vormánuðum 2019 voru ekki heldur kynnt né samþykkt í borgarráði.

Samkvæmt bráðabirgðaverkferli og leiðum til úrlausna vegna kvartana starfsfólks Reykjavíkurborgar vegna framgöngu kjörinna fulltrúa í þeirra garð getur starfsmaður sem vill koma á framfæri kvörtun vegna framgöngu kjörins fulltrúa gagnvart sér eða öðrum úr hópi starfsfólks sent inn tilkynningu um slíkt. Þegar kvörtun berst þarf eineltis og áreitniteymi skv. verkferli að kanna erindið og meta.

Teymið tekur ekki afstöðu til hvort einelti hafi átt sér stað eða ekki, heldur metur eingöngu hvort kvörtun innihaldi nægjanlegar upplýsingar til að könnun geti farið fram.

Samkvæmt verkferlinum þá skal teymið leita til óháðs og sérhæfðs aðila utan Reykjavíkurborgar til að annast könnun máls þegar að tilkynning berst. Tillögu um til hvaða aðila skuli leitað skal bera undir þann aðila sem ber fram kvörtun sem og hinn kjörna fulltrúa. Þegar svör hafa borist frá málsaðilum er tekin ákvörðun um hvaða fagaðili tekur að sér könnun máls.

Þegar að kvörtun vegna brota á siðareglum berst teyminu skal það skipa óháða aðila með sérþekkingu á siðareglum til þess að taka að sér slíkt mat. Aðilum máls er tilkynnt um og borið undir þá áður en aðili eða aðilar eru fengnir til verksins.

Þegar tekin er ákvörðun um hvaða aðilar taka að sér könnun máls og meti hvort um brot á siðareglum er að ræða, er óskað eftir verðtilboði frá aðilum.

Aðkoma borgarritara að málinu var að taka við kvörtun skrifstofustjórans og koma henni áfram í samræmi við ferilinn. Borgarlögmaður hefur enga aðkomu haft að málinu.

Reykjavíkurborg greiðir ekki málskostnað fyrir embættismenn í dómsmálum sem kunna að vera höfðuð -gegn þeim persónulega. Um embættismenn Reykjavíkurborgar gilda reglur um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg. Í þeim reglum er ekki kveðið á um að þeir stjórnendur sem þar falla undir fái greiddan málskostnað af hálfu Reykjavíkurborgar þurfi þeir persónulega „að verja mannorð sitt fyrir dómstólum“ eða af öðrum ástæðum. Að sama skapi er ekki heldur gert ráð fyrir því að Reykjavíkurborg greiði málskostnað í dómsmálum kjörinna fulltrúa.

Í 13. gr. reglna um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg kemur fram að stjórnanda er skylt að rækja starf sitt af alúð og samviskusemi í hvívetna. Hann skal gæta kurteisi, lipurðar og réttisýni í starfi sínu. Hann skal forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess, sem varpað getur rýrð á það starf eða starfsgrein er hann vinnur við. Starfsmanni er skylt að veita þeim sem til hans leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar, þar á meðal að benda þeim á það, ef svo ber undir, hvert þeir skuli leita með erindi sín. Þjónusta, leiðbeiningar og aðstoð við kjörna fulltrúa í þeirra störfum getur verið hluti af starfsskyldum, eftir atvikum, verkefnum og ábyrgð hlutaðeigandi embættismanns hverju sinni.

Hlutverk borgarlögmanns er að vera lögfræðilegur álitsgjafi Reykjavíkurborgar og heyrir borgarlögmaður beint undir borgarstjóra. Borgarlögmaður ber ábyrgð lögfræðilegri ráðgjöf, álitserðum, umsögnum, málflutningi og annarri réttargæslu fyrir Reykjavíkurborg. Þá annast borgarlögmaður sammingsgerð fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Hlutverk borgarlögmanns er þannig að gæta hagsmuna Reykjavíkurborgar en ekki hagsmuna einstakra kjörinna fulltrúa standi þeir frammi fyrir málsókn á hendur þeim persónulega.

Lóa Birna Birgisdóttir,  
sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs.